Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030

# Leikskólinn Reynisholt

# 2019 – 2020




## Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

# Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: ... 3

1 Greinargerð leikskólastjóra ... 3

2 Innra mat Bjartalundar ... 5

3 Innra mat Geislalundar ... 8

4 Innra mat Sunnulundar ... 10

5 Innra mat Stjörnulundar ... 13

6 Ytra mat ... 16

7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla ... 18

8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ... 19

9 Foreldrasamvinna ... 19

10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal ... 20

11 Fylgigögn ... 21

11.1 Fylgiskjal 1. Samantekt um sérkennslu/stuðning ... 21

11.2 Fylgiskjal 2. Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku. ... 24

11.3 Fylgiskjal 3. Umsögn foreldraráðs ... 27

11.4 Fylgiskjal 4. Matsgögn út frá starfsáætlun ... 30

11.5 Fylgiskjal 5. Skipulagt samstarfs við grunnskólann. ... 31

11.6 Fylgiskjal 6. Skóladagatal ... 32



## Leiðarljós leikskólans:

Lífsleikninám með sérstaka áherslu á jóga með börnum, umhverfismennt, útikennslu og bernskulæsi.

# 1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólinn vinnur með lífsleikni í leikskólastarfi með sérstakri áherslu á jóga með börnum, umhverfismennt, útikennslu og bernskulæsi. Leikskólinn flaggar Grænfánanum og hefur fjórum sinnum fengið Grænfánann, í fyrsta skiptið 2010.

Þennan vetur var áhersla lögð á að vinna í stefnumótun varðandi að skapa sameiginlega sýn og vinna með áherslur leikskólans. Unnið var að endurskoðun á áherslum leikskólans á fjórum af sex skipulagsdögum og fengum við leiðsögn frá Ingibjörgu Gísladóttur varðandi hvernig staðið yrði að verki. Allir starfsmenn voru þátttakendur í þeirri vinnu og skilaði þessi vinna okkur samstilltari starfsmannahópi sem vann í sameiningu að þeim verkefnum sem ákveðin voru. Niðurstöður úr þessari vinnu var sú að starfsmannahópurinn er ánægður með okkar megináherslur, lífsleikninám, læsi og umhverfismennt og komu fram margar góðar leiðir til að bæta vinnulag og endurmat. Einnig kom sterkt fram í þessari vinnu að áhersla á félagsfærni væri mikilvæg og var því sótt um að vinna með þann þátt ásamt fagmennsku kennara, bæði í þróunarverkefni sem við vinnum með RannUng og sem þætti í innleiðingu nýrrar Menntastefnu.

Á skipulagsdögum hefur einnig verið unnið að skipulagi vetrarstarfsins og endurmati, kynningu fyrir starfsfólk á efniviði leikskólans, fræðslu um jóga og útikennslu, samskipti við börn frá Barnaheill, kynningu á barnasáttmálanum og að lokum var farið í námsferð til Akureyrar þar sem við kynntum okkur starf á tveimur leikskólum, jóga og áherslu á leikinn.

Innan leikskólans hefur ætíð verið sterkur faglegur hópur og vildum við ná að virkja alla starfsmenn í anda lærdómssamfélags. Oftast var unnið með allan starfsmannahópinn bæði á skipulagsdögum, á teymisfundum sem og deildarfundum. Við nýttum okkur Workplace til að efla upplýsingastreymi til starfsmanna og hvöttum starfsmenn til að koma með og framkvæma hugmyndir. Þetta reyndist vel enda náðum við að halda góðum dampi með alla fundi vetrarins. Leiðir voru fundnar til að tryggja góða leiðsögn nýrra starfsmanna og fengu allir nýir starfsmenn kynningarbækling sendan heim áður en þeir hófu störf. Þetta skilaði sér í öruggara og virkara starfsfólki. Við munum halda áfram þessari vinnu næsta vetur til að efla lærdómssamfélag innan skólans sem og að leita út fyrir skólann í samstarfi við leikskóla sem eru þátttakendur í RannUng verkefninu. Helstu niðurstöður úr viðhorfskönnun starfsmanna var að allir þættir höfðu hækkað frá fyrra ári og bera þær merki þess að samstilltur starfsmannahópur hefur náð frábærum árangri í að skapa sameignlega sýn á starfið. Helstu niðurstöður úr foreldrakönnun voru ánægja með stefnu og starf leikskólans.

Megináherslur næsta vetur verða því að vinna með fagmennsku kennara í lærdómssamfélagi, mynda sameiginlega sýn á félagsfærni, efla skráningar á leik barna til að greina félagstengsl og jákvæða/neikvæða leiðtoga og efla félagsfærni barna ásamt því að vinna með megináherslur okkar, lífsleikni, læsi og umhverfismennt.





| Umbóta-þættir | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tíma-áætlun | Ábyrgðar-aðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Stjórnun** | Að skapa sameignlega sýn á félagsfærni | Skipulagsdagar nýttir til stefnumótunar með þátttöku allra stafsmanna | Allur veturinn | Stjórnendur | Hópavinna, samtal, samstarf og stuðningur | Niðurstöður úr viðhorfs-könnun |
| **Mannauður**  | Að efla lærdómssamfélag | Samvinna milli deilda, teymisfundir og samvinna við aðra skóla í RannUng verkefni | Allan veturinn | Stjórnendur | Teymisfundir, starfsmannaf., orðræðan einkennist af jákvæðu viðhorfi til breytinga | Starfsmenn sýni meira frumkvæði og niðurstöður viðhorfskönnunar |
| **Leikskóla-bragur**  | Að efla hæfni nýrra starfsmanna | Kynningarbækling ur sendur áður en starfsmaður hefur störf og viðtöl við deildarstjóra í 2. og 4. viku | Þegar nýr starfs-maður hefur störf | Stjórnendur | Yfirfara skráningar í móttökuáætlun og um áramót og páska | Allir starfsmenn hafa fengið tvö leiðbeiningar-viðtöl í það minnsta |
| | Að skapa jákvætt og styðjandi andrúmsloft | Stuðningur við starfsmenn, skemmtanir og verkefni við hæfi | Allan veturinn | Allir starfsmenn, sérstaklega reyndari | Teymisfundir, deildarfundir, starfsmannaf | Niðurstöður viðhorfs-kannana |
| **Stefnu-mótun**  | Að endurskoða námskrá út frá vinnu síðasta vetrar | Skipulagdagar/starfsmannafundir nýttir til stefnumótunar með þátttöku allra stafsmanna | Allur veturinn | Stjórnendur | Hópavinna, samtal, samstarf og stuðningur | Ný námskrá tekur gildi vorið 2020 |
|  | Að nýta skráningar til að greina félagsfærni barna | Efla hæfni starfsmanna í skráningum | Haustönn | Deildar-stjórar | Rýna saman í skráningar á deildarfundum | Fleiri skráningar á leik |

# 2 Innra mat Bjartalundar

Á Bjartalundi veturinn 2018 – 2019 dvöldu alls 16 börn, 15 voru fædd 2016 og eitt barn árið 2017. Að jafnaði voru fjórir kennarar á deildinni, ein afleysing og einn starfsmaður sem kom seinni partana. Ekkert stöðugildi var í stuðning. Faglega starfið gekk vel á deildinni og var lítil sem engin mannekla þennan veturinn. Tveir nemar komu frá Háskóla Íslands, annar þeirra meistaranemi á lokaári sem vann með innleiðingu tækni á yngstu deild og hinn var leikskólakennaranemi á fyrsta ári.

Þau markmið sem sett voru í starfsáætlun fyrra árs náðust að flestu leyti. Útinámið var áberandi í Reynislundi og með vorinu fóru yngstu börnin að fara meira í gönguferðir. Börnin voru meðvituð um flokkun, sérstaklega moltuna, en fóru ekki með út að skila. Tæknin var áberandi vegna masters verkefnis sem unnið var á deildinni en einnig var markvisst tekið inn ljósaborð og myndvarpi í frjálsa leikinn. Hópastarfið ásamt öllu fagstarfi gekk vel og markmið náðust.

Könnunarleikurinn var einu sinni í viku fyrir öll börn og var einn starfsmaður sem hélt utan um þá vinnu með glæsibrag. Hver stund var skráð niður og skráningarnar nýttar á deildarfundum, í foreldrasamvinnu og mati á leik og málþroska barnanna.

Í læsi var unnið með Lubba, sögugrunninn og voru sönglög höfð sýnileg með myndum. Kveikjur voru hengdar á veggina til að auka samræðu milli barnanna. Bókalestur var ekki markviss en mikill og oft unninn verkefni úr bókunum. Bókataskan fór heim fyrir og eftir áramót og gerður var bókaormur með vorinu þar sem skráðar voru bækur lesnar í leikskólanum og heima.

Myndsköpun var áberandi á deildinni og sá einn leikskólakennari að mestu um þá vinnu. Myndsköpunin var tengd við verkefni vetrarins, svo sem líkamaverkefnið og vinaviku, e  n einnig voru unnin sjálfstæð verkefni líkt og skrímslaverkefnið. Einnig gerðu börnin öskudagsbúninga sína sjálf og var haldið utan um þá vinnu með skráningum.

Jógastund var að meðal tali einu sinni í viku. Þar var unnið með stöður í gegnum spjöld og bækur en einnig núvitundaræfingar og vinsamlega snertingu þar sem þau æfðust fyrst í að vera góð við sig sjálf og síðar við félaga sinn. Þá fór einnig fram mikilvæg umræða um að setja mörk og taka mörkum hvað varðar snertinguna.

Ákveðið var að halda áfram á sömu braut næsta vetur hvað varðar könnunarleik og jóga, læsi og útinám sem helstu stoðir deildarinnar.







| Umbótaþættir Bjartalundar | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Jógastundir** | Gera stundirnar markvissari og sýnilegri. Hafa stíganda í stundunum og skrá uppsetningu stunda sem henta yngsta hópnum | Unnið út frá niðurstöðum jóga stundanna á fyrra ári og sett upp stundir sem eru aðgengilegar öllu starfsfólki | Haust 2019 – vor 2020 | Deildarstjóri ásamt starfsmanni deildarinnar sem sér um stundirnar | Metið um jólin, hvernig stundirnar eru uppbyggðar og hvort þær séu að nýtast starfsfólkinu | Um 10 stundir uppsettar sem auðvelt er að grípa í og gefa góða mynd af þeirri færni sem við viljum sjá í jógastundun um (uppbygging, æfingar, slökun) |
| **Lestur bóka** | Að lestur bóka sé hluti af föstum liðum á deildinni og unnið sé markvisst með bækurnar/sögur nar og kafað á dýptina | Setja inn í dagskipulag skipulagðar lestarstundir í litlum hópum þar sem færi gefst á að vinna með orðaforða og umræður um söguna | Haust 2019 – vor 2020 | Allir starfsmenn deildarinnar | Metið á deildarfundi í desember hvernig framvindan er og hvort gera þurfi breytingar | Að markvissar stundir séu sýnilegar og að unnið sé með ákveðna bók/sögu fyrir og eftir áramót |
| **Að skrá leik barna**   | Að starfsfólk þjálfist í að skrá og meta leik barna út frá félagslegum þroska þeirra | Finna leiðir til að gera skráningar þægilegar og aðgengilegar | Haust 2019 – vor 2020 | Allir starfsmenn deildarinnar – deildarstjóri ábyrgður | Farið yfir skráningar á deildarfundu m reglulega og þróað áfram | Að hver starfsmaður geti skráð leik barnanna og rætt og metið þroska barnsins út frá þeim |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Frjáls leikur og leikþroski**   | Að auka áhuga og vitneskju starfsfólks um frjálsan leik og þann þroska sem börnin taka út þar | Lestur á greinum, aukin samræða, skráning á leik | Haust 2019 – vor 2020 | Deildarstjóri | Umræður á deildarfundum munu meta hvernig starfsfólki gengur að tileinka sér fræðin í kringum leikinn. Einnig verður kannað með stikkprufum á deildinni hvernig starfsfólkið er í frjálsa leiknum og hvernig samskipti þau hafa við börnin í leik | Að starfsfólkið beri virðingu fyrir leik barnanna og gefi honum rými. Að starfsfólkið styrkist í að fylgjast með í leik og sjá námið sem þar fer fram |
| **Auka einstaklings-nálgun á deildinni**  | Að passa betur upp á hvert barn og mæta þörfum hvers og eins | Gefðu 10, tákn með tali | Haust 2019 – vor 2020 | Deildarstjóri ásamt starfsmönnum | Umræður á deildar-fundum skráningar | Að þau börn sem þurfi fái auka tíma til málörvunar, stuðning í leik eða annað sem næsti barnahópur kallar á |

# 3 Innra mat Geislalundar

Á Geislalundi veturinn 2018-2019 dvöldu 19 börn með þremur til fjórum starfsmönnum. Öll börn deildarinnar voru fædd árið 2015. Við unnum verkefni tengd þemum þennan veturinn. Um haustið unnum við með líkamann fram að desember en þá hófst þemavinna tengd jólunum. Um vorið var unnið að öskudagsbúningagerð og fuglaþema. Þemavinnan gekk mjög vel. Mikil samræða og samvinna meðal starfsfólks. Aukin skráning á verkum barnanna í tengslum við öskudaginn. Að vinna með slíkum hætti gaf okkur meira rými til að dýpka skilning barnanna á viðfangsefnum eins og krumma. Með því að ræða um viðfangsefnið, hengja upp kveikjur á deildinni, fara í vettvangsferðir og nota listsköpun sköpuðum við aukin tækifæri á dýpri vinnu barnanna.

Í kyrrðarstundum einbeittum við okkur að jóga, markvissum bókalestri og Lubbi finnur málbein. Útbjuggum við kyrrðarstundarkörfur fyrir jógastundir þar sem aðgengilegar eru jógastundir og snertileikir. Börnin sýndu jógastundunum mikinn áhuga og urðu stundirnar markvissari með bættu skipulagi. Samræða við foreldra sýndi að jógastundirnar skiluðu sér heim og börnin ræddu um þær og sýndu hvað þau voru búin að læra í jóga. Eftir að formlegu hópastarfi lauk var Lubbi finnur málbein skipt út fyrir sögulestur.

Samverustundir gengu vel í vetur og útbjuggu starfsmenn deildarinnar samverustundarkörfur ásamt því að gera efni fyrir kyrrðarstundir aðgengilegar fyrir alla starfsmenn deildarinnar. Ef að andrúmsloft deildarinnar var þannig að tvískipta þyrfti samverustundum nýttum við okkur fjölda starfsmanna á deildinni og skiptum hópnum i tvennt. Við það myndaðist meiri ró og einbeiting barnanna varð meiri. Mikill áhugi var fyrir lögum og söng þennan veturinn og voru starfsmenn duglegir að leggja inn ný lög í samverustundum. Völdum við lögin eftir því hvaða þemu var verið að vinna með eða eftir því hvaða árstíð var hverju sinni .

Útivera tók við af hefðbundu hópastarfi í byrjun maí og áhersla á að börnin kynntust sínu nærumhverfi í gegnum vettvangsferðir.

Mikil vinna fór í að ná ró í barnahópnum. Fjöldi kraftmikilla barna varð til þess að endurskipuleggja þurfti morgnanna á deildinni og hópaskiptingu barnanna í leik á deildinni. Huga þurfti að hvaða börn léku á sama svæði og samsetningu inni- og útiveruhópanna. Í enda maí var tekin sú ákvörðun að setja upp morgunval. Börnin byrjuðu daginn á að velja sér leiksvæði. Tilgangur morgunvalsins var að koma betri ró á deildina og að starfsmenn hefðu betri yfirsýn yfir leikinn.





| Umbótaþættir Geislalundar | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sögugrunnur** | Að nota sögugrunninn til að dýpka nám barnanna í stærri verkefnum yfir veturinn | Ákveða verkefni í byrjun vetrar þar sem sögu-grunnurinn verður nýttur | Haust 2019-vor 2020 | Starfsmenn deildarinnar, deildarstjóri ber ábyrgð á verkefninu | Metið í lok vetrar hvort að markmið hafi náðst | Að hvert barn eigi eina sögugrunns-skráningu eftir veturinn |
| **Vellíðan barnanna**   | Huga að samsetningu barnahópsins og að starfsfólkið sé meðvitað hvað það getur gert til þess að auka vellíðan barnanna inni á deild | Gefa okkur rýmri tíma í að fylgjast með börnunum í leik. Fylgjast með samskiptum þeirra og hvað veldur vanlíðan hjá ákveðnum einstaklingum. Hvernig við getum gripið inní og hvaða verkfæri við getum gefið börnunum sem aðstoðar þau í félagslegum samskiptum | Haust 2019-vor 2020 | Allir starfsmenn deildarinnar | Metið á deildar-fundum og með leik-skráningum | Aukin vellíðan barna |
| **Samverustundir** | Gera stundirnar markvissari og skipulagðari. Leita leiða til að efla áhuga tvítyngdu barnanna á sögum og söng | Körfur með hugmyndum og tölum til að grípa áhuga barnanna aðgengilegar starfsfólki | Haust 2019-vor 2020 | Allir starfsmenn deildarinnar | Metið á deildarfundum í samræðum með starfsfólki deildarinnar | Að virkja öll börn deildarinnar í samverustundum og grípa áhuga þeirra |

# 4 Innra mat Sunnulundar

Á Sunnulundi veturinn 2018 – 2019 dvöldu 23 börn með þremur til fjórum starfsmönnum. Átján börn voru fædd 2014 og 5 börn fædd árið 2015. . Á deildina kom einn fyrsta árs nemi í leikskólakennara-fræðum kom frá Háskóla Íslands á vorönn.

Á þessu starfsári hófum við að vinna verkefni yfir árið tengd þemum. Um haustið var unnið með líkamann og jólin. Um vorið var unnin öskudagsbúningur og ferli hans tengt mikið við læsi og starfið endaði á útinámi og umhverfismennt. Þemavinnan gekk vel, skilaði aukinni samvinnu og samræðu meðal starfsfólks og auknum skráningum á verkum barnanna. Að vinna með slíkum hætti upplifði starfsfólk að það skilaði jafnframt dýpri vinnu og auknum skilningi barnanna á viðfangsefnunum ásamt því að þau fengu aukin tækifæri til að blómstra í starfinu.

Kyrrðarstundir þar sem jóga og vinsamleg snerting var í forgrunni færðust inná deild þennan vetur. Unnið var að því að gera kyrrðarstundarkörfur með aðgengilegum stundum frá upphafi til enda sem væru nýttar í stundirnar. Skráningar á kyrrðarstundum sýndu að stundirnar voru stuttar í haust og lengdust svo með auknum þroska og athygli barnanna.

Samverustundir gengu ágætlega. Lagt var upp úr því að starfsmenn sætu hjá börnunum til að auka vellíðan þeirra meðan á stundin var. Starfsmenn fundu dagamun á hvernig gekk að fanga athygli barnanna. Skráningar sýna að leikir og lestur fangar athygli flestra vel en söngur minna.

Unnið var með læsi með margvíslegum hætti. Skráningar sýna að hvert barn fór að meðaltali þrisvar sinnum í mánuði í Orðahljóð eftir áramót. Unnið var markvisst með sögugrunn á vorönn, öll börnin gerðu eina til þrjár sögur ásamt sögu um sjálf sig sem öskudagspersónuna sína. Lubbastundir voru markvisst einu sinni í viku en ákveðið var að hvíla hann þegar fór að líða að sumri vegna áhugaleysis hjá börnunum.

Útinám fór af stað í maí og áhersla var á að börnin kynntust nærumhverfi sínu í gegnum vettvangsferðir. Skráningar sýna að börnin nutu þess að upplifa, stoppa, skoða og ræða það sem á vegi þeirra varð. Reynislundur var lítið nýttur.

Unnið var markvisst með félagsleg samskipti og tilfinningar barnanna í gengum þemavinnu, stuðning í leik og vináttubangsann Blæ. Leikstundir með starfsmanni voru að meðaltali tvisvar til þrisvar í viku eftir kaffitíma. Þar var lagt upp með að styðja börnin í félagslegum samskiptum. Í kjölfarið upplifði starfsfólk færri ágreininga meðal barnanna ásamt því að meiri vilji og geta birtist hjá börnunum til að leysa málin sjálf. Leikskráningar voru færri en á var kosið. Það má meðal annars rekja til breytinga á starfsfólki deildarinnar milli daga auk veikindaleyfis eins starfsmanns.



| Umbótaþættir Sunnulundar | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Jógastundir Vinsamleg snerting** | Gera stundirnar markvissari og sýnilegri. Hafa stíganda í stundunum | Unnið út frá niðurstöðum jóga og vinsamlegrar snertingar stundanna á fyrra ári og settar upp stundir sem eru aðgengilegar öllu starfsfólki | Haust 2019 – vor 2020 | Deildarstjóri ásamt starfsmönnum deildarinnar sem framkvæma stundirnar | Metið um jólin, hvernig stundirnar er uppbyggðar og hvort þær séu að nýtast starfsfólkinu | Um 10 stundir uppsettar sem auðvelt er að grípa í og gefa góða mynd af þeirri færni sem við viljum sjá í jógastundun um (uppbygging, æfingar, slökun) |
| **Leikskráningar**   | Að starfsfólk þjálfist í að skrá og meta leik barna út frá félagslegum þroska þeirra | Finna leiðir til að gera skráningar þægilegar og aðgengilegar Setja í dagskipulag tíma fyrir hvern starfsmann til að æfa sig að skrá og vinna úr þeim. | Haust 2019 – vor 2020 | Allir starfsmenn deildarinnar – deildarstjóri ábyrgur | Farið yfir skráningar á deildarfundu m reglulega og þróað áfram | Að hver starfsmaður geti skráð leik barnanna og rætt og metið þroska barnsins út frá þeim. Fjöldi skráninga vísbending um árangur |
| **Samverustundir** | Gera stundirnar markvissari og betur skipulagðari. Leita leiða til að efla áhuga barnanna á söng | Unnið með niðurstöður mats á samverustun dum frá fyrra ári. Settar upp stundir og hugmyndir sem eru | Haust 2019 – vor 2020 | Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar | Metið um jólin, hvernig stundirnar er uppbyggðar og hvort þær séu að nýtast starfsfólkinu | Um 10 hugmyndum bætt við í hugmyndakö rfu um haust og 10 um vor |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | aðgengilegar öllu starfsfólki | | | | |
| **Frjáls leikur og leikþroski**  | Að auka áhuga og vitneskju starfsfólks um frjálsan leik og þann þroska sem börnin taka út þar | Lestur á greinum, aukin samræða, skráning á leik | Haust 2019 – vor 2020 | Deildarstjóri | Umræður á deildarfundum munu meta hvernig starfsfólki gengur að tileinka sér fræðin í kringum leikinn. Einnig verður kannað með stikkprufum á deildinni hvernig starfsfólkið er í frjálsa leiknum og hvernig samskipti þau hafa við börnin í leik | Að starfsfólkið beri virðingu fyrir leik barnanna og gefi honum rými. Að starfsfólkið styrkist í að fylgjast með í leik og sjá námið sem þar fer fram |

# 5 Innra mat Stjörnulundar

Á Stjörnulundi veturinn 2018 – 2019 dvöldu 25 börn með fjórum til fimm starfsmönnum, 2 starfsmenn voru í 100% stöðu sem stuðningur og einn starfsmaður 25% stuðningur. Tuttugu og fimm börn voru á deildinni í vetur 24 börn fædd 2013 og eitt barn fætt 2012. Unnin voru verkefni tengd þemum yfir árið. Á haustönn var unnið með líkamann og jóla þema. Á vorönn var unnin öskudagsbúningur og heimurinn, ferli þeirra tengdist mikið við læsi og starfið endaði á útinámi og umhverfismennt. Þemavinnan gekk vel, skilaði aukinni samvinnu og samræðu meðal starfsfólks og auknum skráningum á verkum barnanna. Að vinna með slíkum hætti skilaði jafnframt dýpri vinnu og auknum skilningi barnanna á viðfangsefnunum ásamt því að þau fengu aukin tækifæri til að blómstra í starfinu.

Í kyrrðarstundunum var lögð áherslu á jóga, stærðfræði og sögulestur. Í jóga höfum við lagt áherslu á líkamlegt, andlegt og tilfinningalegt heilbrigði, með því að fara í leiki, jógastöður, æfa öndun, efla einbeitingu og æfa slökun. Núvitund er að veita líðan þinni, annarra og umhverfi athygli hér og nú með kærleika og forvitni. Unnið var að því að gera kyrrðarstundarkörfur, sem við höfðum tiltækar með leikjum og verkfærum til að nýta í jóga og samverustundum. Í sögulestri voru lesnar stuttar sögur og framhaldssögur og stuðst við orðaspjall, þar sem orð voru tekinn út úr sögunum og þau útskýrð. Í stærðfræði var áhersla á tölustafina, talnagildi og form.

Samverustundir gengu ágætlega. Við vorum með samverustundir í litlum og stórum hópum þar sem var lesið, farið í leiki og umræður með börnunum. Lagt var upp úr því að starfsmenn sætu hjá börnunum til að auka vellíðan þeirra meðan stundin var.

Unnið var með læsi með margvíslegum hætti. Skráningar á sögum og myndum og hópavinnu hjá börnunum gáfu þeim tækifæri til að tjá sig og endurupplifa það sem þau gerðu. Börnin höfðu aðgengi að bókstöfum og orðagrunni til að efla sig í að skrifa og æfa sig í heiti stafanna. Lubbi var sýnilegur inni á deild, við sungum og lásum fyrir þau örsögur úr verkefnakassanum um Lubba.

Útinám fór af stað í maí og áhersla var á að börnin kynntust nærumhverfi sínu í gegnum vettvangsferðir. Skráningar sýna að börnin nutu þess að upplifa, stoppa, skoða og ræða það sem á vegi þeirra varð. Reynislundur var lítið nýttur.



Unnið var markvisst með félagsleg samskipti og tilfinningar barnanna í gengum þemavinnu, stuðning í leik og vináttubangsann Blæ. Þar var lagt upp með að styðja börnin í félagslegum samskiptum, þar sem við notuðum mismunandi tilfinningar og hvaða aðferðir börnin gætu nýtt sér þegar þau yrðu reið.

| Umbótaþættir Stjörnulundar | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Jógastundir**<br><br>**Vinsamleg snerting** | Gera stundirnar markvissari og sýnilegri. Hafa stíganda í stundunum | Unnið út frá niðurstöðum jóga og vinsamlegrar snertingar stundanna á fyrra ári og settar upp stundir sem eru aðgengilegar öllu starfsfólki | Haust 2019 – vor 2020 | Deildarstjóri ásamt starfsmönnum deildarinnar sem framkvæma um stundirnar | Metið um jólin, hvernig stundirnar er uppbyggðar og hvort þær séu að nýtast starfsfólkinu | Um 10 stundir uppsettar sem auðvelt er að grípa í og gefa góða mynd af þeirri færni sem við viljum sjá í jógastundun um (uppbygging, æfingar, slökun) |
| **Leikskráningar**<br> | Að starfsfólk þjálfist í að skrá og meta leik barna út frá félagslegum þroska þeirra | Finna leiðir til að gera skráningar þægilegar og aðgengilegar Setja í dagskipulag tíma fyrir hvern starfsmann til að æfa sig að skrá og vinna úr þeim | Haust 2019 – vor 2020 | Allir starfsmenn deildarinnar – deildarstjóri ábyrgður | Farið yfir skráningar á deildarfundu m reglulega og þróað áfram | Að hver starfsmaður geti skráð leik barnanna og rætt og metið þroska barnsins út frá þeim.<br><br>Fjöldi skráninga vísbending um árangur |
| **Samverustundir** | Gera stundirnar markvissari og betur skipulagðari. Leita leiða til að efla áhuga barnanna á söng | Unnið með niðurstöður mats á samverustun dum frá fyrra ári. Settar upp stundir og hugmyndir sem eru | Haust 2019 – vor 2020 | Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar | Metið um jólin, hvernig stundirnar er uppbyggðar og hvort þær séu að nýtast starfsfólkinu | Um 10 hugmyndum bætt við í hugmyndakö rfu um haust og 10 um vor |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | aðgengilegar öllu starfsfólki | | | | |
| **Frjáls leikur og leikþroski**  | Að auka áhuga og vitneskju starfsfólks um frjálsan leik og þann þroska sem börnin taka út þar | Lestur á greinum, aukin samræða, skráning á leik | Haust 2019 – vor 2020 | Deildarstjóri | Umræður á deildarfundum munu meta hvernig starfsfólki gengur að tileinka sér fræðin í kringum leikinn. Einnig verður kannað með stikkprufum á deildinni hvernig starfsfólkið er í frjálsa leiknum og hvernig samskipti þau hafa við börnin í leik | Að starfsfólkið beri virðingu fyrir leik barnanna og gefi honum rými. Að starfsfólkið styrkist í að fylgjast með í leik og sjá námið sem þar fer fram |
| **Læsi** | Markvissari vinna með orðahljóð og orðagrunn. Leggja meira áherslu á Lubba | Leikir og leikur að bókstöfum og orðum | Haust 2019-2020 | Deildastjóri og starfsmenn | Skipuleggja á ákveðnum tíma inn í starfið | Sjá betur áhersluþætti, sem þarf að leggja áherslu á með börnunum |

# 6 Ytra mat

Starfsmannakönnun fór fram í febrúar 2019 á vegum SFS. Kannanir síðastliðin tvö ár hafa sýnt fram á mikilvægi þess að stjórnendur geti sinnt sínu faglega hlutverki, upplýsingaflæði og að styrkja nýja starfsmenn í sínu starfi. Því var megináhersla síðasta árs á að styrkja innra starfið og skapa sameiginlega sýn starfsmanna, bæta upplýsingaflæði og bæta fræðslu og endurgjöf sem og að gæta jafnræðis meðal starfsmanna. Mikil áhersla var lögð á að endurskoða innra starfið og áherslur leikskólans með öllum starfsmönnum. Einnig gengu deildar-, teymis- og deildastjórafundir fyrir og lausnir fundnar til að áætlun héldist. Það sama átti við um undirbúningstíma og náðum við með bættu skipulagi að fleiri gátu fengið undirbúningstíma. Allir starfsmenn fengu starfsþróunarviðtal hjá leikskólastjóra sem náðust öll fyrir miðjan febrúar og nýir starfsmenn fengu allir í það minnsta tvö leiðsagnarviðtöl, auk þess að fá kynningarbækling sendan áður en þeir hófu störf. Niðurstöður úr starfsmannakönnun 2019 sýndu fram á að markmið umbótaáætlunar náðust. Allir þættir könnunarinnar hækkuðu og meðalskor hækkaði úr 3,95 í 4,48 sem er frábær árangur. Mesta hækkunin var í upplýsingaflæði, endurgjöf og þjálfun nýliða en þeir þættir hækkuðu um heilan og rúmlega það. Ekki mældist áreitni eða einelti frá samstarfsfólki.

Styrkleikar starfsmannahópsins liggja í hvetjandi og jákvæðu starfsumhverfi með sterkum faglegum grunni sem hæfir og áhugasamir starfsmenn skapa í lærdómssamfélagi.

Áskoranir liggja í að viðhalda góðum árangri. Einnig að halda áfram að finna leiðir til að minnka álag og hraða með því að varast að bæta stöðugt nýjum verkefnum við heldur samþætta nýjar starfsaðferðir okkar áherslum. Hæfilegt vinnuálag og starfsmannastöðugleiki eru þeir þættir sem bæta má enn frekar og bindum við vonir við að aðgerðir sveitafélagsins í þeim efnum hjálpi þar einnig til.

Niðurstöður foreldrakönnunar voru einnig mjög jákvæðar þær gefa tilkynna að foreldrar séu ánægðir með starf leikskólans, honum sé vel stjórnað og að börnunum þeirra líði vel og séu örugg. Ekki var hægt að sjá breytingar á milli ára að þessu sinni en allir þættir voru hærri en meðaltal heildarinnar.

Styrkleikar varðandi foreldra og börn eru að foreldrar finni að börnum þeirra líði vel í góðu umhverfi og að þau fái verkefni er hæfir þörfum þeirra og þroska. Áherslur leikskólans skila sér einnig heim með börnunum en rúmlega 70% barnanna sýna foreldrum sínum eða tala um snertiæfingar og jógastöður, stór meirihluti barnanna sýnir bókum og ritmáli aukinn áhuga og tæplega 80% foreldra lesa fyrir börnin sín 4-7 sinnum í viku.

Áskoranir liggja í betra samstarfi við foreldra um nám barna bæði að þeir fái upplýsingar um framfarir og að til þeirra sé leitað eftir hugmyndum. Einnig eru aðeins 25% barna sem ræða um að flokka ruslið heima og þar getum við tekið okkur á.

| Umbótaþættir Ytra mat | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hæfilegt vinnuálag** | Að minnka vinnuálag og hraða | Dreifa ábyrgð, samþætta verkefni og | Allur veturinn | Stjórnendur | Samtal á deildar- og teymis-fundum | Niðurstöður viðhorfskönnunar |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | tryggja undirbúning | | | | |
| **Verkefni við hæfi** | Að starfsmaður ráði við sín verkefni | Starfsmenn fái frelsi til að reyna nýja hluti og frelsi til að mistakast og viti hvert þeir geti leitað eftir stuðningi | Allur veturinn | Stjórnendur og samstarfsfólk | Samtal á deildar- og teymis-fundum. Starfsþróunarsamtal | Niðurstöður viðhorfskönnunar |
| **Starfsmanna-stöðugleiki**  | Að tryggja starfsmanna-stöðugleika | Gera Reynisholt að eftirsóknar-verðum vinnustað með því að efla fagmennsku starfsmanna, fræðslu á jafningjagrundvelli og með góðu orðspori | Allur veturinn | Allir starfsmenn | Spurning til starfsmanna í starfsþróunarsamtali | Að starfsfólk hugsi um að bæta við sig þekkingu tengdri starfinu, séu stoltir af sínu starfi og jafnvel stefni á leikskólakennaranám ef það á við. Viðhorfs-könnun |
| **Viðhalda góðum árangri**  | Að efla lærdóms-samfélag | Nýta reynslu síðastliðins árs til að viðhalda góðum árangri | Allur veturinn | Stjórnendur | Matslisti um stöðu lærdóms-samfélags | Niðurstöður matslista og viðhorfs-könnunnar |
| **Efla samráð við foreldra** | Aukin þátttaka foreldra í námi barna | Að fá ábendingar varðandi endurskoðun á námskrá leikskólans | Vorönn | Leikskólastjóri og aðstoðar-leikskólastjóri | Rýnihópar og spurningarlistar | Niðurstöður rýnihópa, spurninga-lista og foreldra-könnunnar |
| **Umhverfis-mennt** | vekja foreldra til umhugsunar um flokkun sorps | Verkefni sem tengist heimili þeirra | Haustönn | Umhverfisráð | Kanna flokkun á sorpi á heimilum barnanna | Samanb. við eldri könnun Niðurstöður foreldra-könnunnar |

# 7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Formleg starfsþróunarsamtöl eru tekin einu sinni á ári og hófust þau í lok janúar og lauk um miðjan febrúar. Leikskólastjóri tók þessi viðtöl. Starfsmenn fengu afhent eyðublöð viku áður en viðtalið var tekið. Viðtalið hefst á því að farið er yfir það sem rætt var um árinu áður, hvað hefur gengið vel og hvað má bæta. Starfsmenn koma með óskir um starfsþróun og setja sér markmið fyrir næsta vetur. Önnur viðtöl eru tekin eftir aðstæðum í umhverfi leikskólans.

Símenntun fór að miklu leiti fram í formi fyrirlestra og námskeiða á skipulagsdögum en einnig var unnið markvisst að endurskoðun á áherslum leikskólans. Á skipulagsdegi í september hófst vinna við endurskoðun á áherslum leikskólans og fengum við Ingibjörgu Gísladóttur með okkur í lið. Einnig var vetrarstarfið skipulagt út frá starfsáætlun. Í október var haldið áfram með vinnu við áherslur leikskólans ásamt því að við fengum námskeið í Workplace sem Þröstur Sigurðsson sá um og var stefnt að því að starfsmenn gætu myndað hópa til að bæta upplýsingastreymi. Einnig var kynning á Vináttu og var ákveðið í kjölfarið að byrja með það verkefni á tveimur eldri deildunum. Í nóvember var sameiginlegur starfsdagur allra skóla í hverfinu eftir hádegi og var hann nýttur í deildarfundi þar sem endurmat fór á verkefnum haustannar. Í janúar var hálfur skipulagsdagur fyrir hádegi sem var nýttur í skipulag vorannar út frá endurmati og starfsáætlun. Í febrúar fór fram kynning á jógaleikjum og verkefnum fyrir kyrrðarstundir. Einnig var fyrirlestur um samskipti við börn frá Barnaheill og svo áframhaldandi vinna við endurmat á áherslum leikskólans. Í mars voru foreldraviðtöl. Starfsmenn sáu um smiðjur þar sem þeir kynntu fyrir hvert öðru leiðir í að vinna með umhverfismennt og útikennslu, jógaleiki og umræðu um mikilvægi leiksins og hlutverk starfsmannsins fyrir þá starfsmenn sem ekki voru með viðtöl. Í maí brugðum við okkur í námsferð til Akureyrar þar sem við skoðuðum tvo leikskóla, Iðavöll og Tröllaborgir. Við vildum kynna okkur hvernig aðrir vinna með jóga og áherslu á leikinn sem námsleið. Endurmat á vorönn fór fram á starfsmannafundi að vori. Allir starfsmenn fengu kynningu á samvinnuverkefni við RannUng varðandi leik barna og lærdómssamfélag og fræðslu frá UNICEF varðandi barnasáttmálann.

Leikskólastjóri sótti forystunám á vegum SFS, fór á fundi og námskeið tengd nýrri menntastefnu, námskeið í nýrri Völu, tók þátt í stjórnendadeginum sem og námskeiðsdegi leikskólastjóra, fór á námskeið í gerð áhættumats og vinnsluskrár v/persónuverndarlaga, sótti fund á vegum FSL og fræddist um heimilisofbeldi, Þú átt von. Einnig fór leikskólastjóri á fund með barnavernd og situr í stjórn Samtaka áhugafólks um skólaþróun.

Deildastjórar sjá um að fylla út símenntunarblað fyrir starfsmenn deildanna. Á árinu 2018 – 2019 fór fræðsla fram á skipulagsdögum ásamt því að margir sóttu utanaðkomandi námskeið. Fjórir starfsmenn sóttu krakkajóganámskeið, einn deildarstjóri sótti umræðuhóp MML, tveir sóttu námskeið í námsumhverfi yngstu barna hjá EHÍ, starfsmaður sótti námskeið hjá greiningarstöð ríkisins, hópur starfsmanna fóru í heimsóknir í þrjá leikskóla tengdu skapandi leikskólastarfi, tveir deildarstjórar sóttu leiðtogaskólann, tveir fóru á ECCERA ráðstefnu á ágúst, sex stjórnendur sóttu fyrirlestur um heimilisofbeldi, deildarstjóri sótti námskeið í félagsfærni og sjálfseflingu og sérkennslustjóri sótti námskeið í AEPS lista og eftirfylgni.

Skipulagsdagar næsta árs verða sex. Í september verður unnið að skipulagi næsta vetrar út frá umbótaáætlun starfsáætlunar ásamt samstarfi við RannUng um innleiðingu menntastefnu. Í október sameinast leikskólar hverfisins um fyrirlestur um vináttu og slysavarnir. Í nóvember verður endurmat

og deildarfundir, í febrúar sækjum við ráðstefnu SFS á degi leikskólans og vinnum með RannUng. Í mars verða deildarstjórar með foreldraviðtöl og aðrir starfsmenn fá fyrirlestur um jafnrétti og forvarnir og að lokum er endurmat í maí.

# 8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Sæmundarskóli er hverfisskóli Reynisholts og hefur samstarf verið að þróast alveg frá opnun leikskólans. Elstu börnin fara í reglulegar heimsóknir yfir veturinn og kynnast umhverfi og starfsfólki skólans sem og að hitta gamla vini. Einnig hafa börn úr Sæmundarskóla heimsótt Reynisholt á Degi íslenskrar tungu, þar sem börn úr 7. bekk koma og lesa fyrir börn leikskólans. Þá hafa börn í 1.bekk heimsótt sinn gamla leikskóla einu sinni að vetri. Auk þess gátu börn úr unglingadeild í Sæmundarskóla valið að verja einni klukkustund á viku til að vera með börnunum í leik og starfi en það er hluti af lífsleikninámi barnanna í Sæmundarskóla.

Leiðarljós í samstarfi milli skólanna er að samfella myndist á milli skólastiga og að gagnkvæmur skilningur á námi barna yrði meðal kennara. Fastir ábyrgðaraðilar hafa haldið utan um samstarfið, Sólveig leikskólakennari á Reynisholti og Kristjana í Sæmundarskóla sem hefur verið með fasta umsjónartíma fyrir þetta verkefni. Nýir ábyrgðaraðilar verða settir næsta vetur þar sem Sólveig fer á yngstu deild og Kristjana hættir störfum í Sæmundarskóla. Vikulegar heimsóknir voru í skólann meðal barna úr hverfisleikskólunum frá október til nóvember og janúar til apríl þar sem unnin voru verkefni sem kennarar beggja skóla skipulögðu. Undirbúningsfundur er að hausti þar sem farið er yfir dagskrá vetrarins og að vori er endurmatsfundur þar sem næstu skref eru ákveðin.

Í ár kom út sameiginleg læsisstefna allra skóla og frístundaheimila í Grafarholti og Úlfarsárdal. Þar kemur fram með hvaða hætti skólar vinna að læsi, hvaða skimanir notaðar eru og viðbrögð við þeim. Upplýsingum um niðurstöður skimana er skilað til grunnskóla.

Síðastliðin tvö sumur hefur leikskólinn fengið hluta af Fjósinu, sem er rými frístundaheimilisins, til afnota fyrir sumarstarf elstu barna. Það hefur gengið mjög vel og verður það starf þróað áfram. Einnig höfum við fengið afnot af sal Sæmundarskóla fyrir útskrift elstu barna og þykir okkur það mynda góð tengsl við grunnskólann bæði fyrir okkur, foreldra og börn.

Áætlun síðastliðins vetrar má sjá í fylgiskjali 11.5

# 9 Foreldrasamvinna

Í leikskólanum starfar foreldraráð og foreldrafélag með sex fulltrúum foreldra. Kosið er í foreldraráð og foreldrafélag á foreldrafundi snemma að hausti. Fundur er haldinn með þeim aðilum sem buðu sig fram viku síðar og þeir skipta með sér verkum, tveir formenn, bæði foreldraráðs og foreldrafélags, gjaldkeri og ritari. Á haustfundi fá foreldrar einnig kynningu á starfsemi deildarinnar. Í foreldraráði eru þrír foreldrar. Hlutverk foreldraráðs er að vinna sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um leikskóla t.a.m. að halda utan um umsagnir vegna starfsáætlunar, námskrá, handbók og fleira sem allir aðilar í foreldraráði lesa yfir. Í foreldrafélagi eru þrír foreldrar. Foreldrafélag sér um skipulagningu sveitaferðar, jólaföndurs sem og að hvetja foreldra til þátttöku í vinnukvöldi í Reynislundi. Foreldrafélagið hefur einnig haldið utan um að sækja um styrki fyrir viðhaldinu. Félag og ráð hafa fundað saman. Fyrsti fundur er eftir kosningu

nýrra foreldra og kallað til fundar yfir veturinn þegar þurfa þykir. Samskipti fara að miklu leiti fram á Facebooksíðu foreldrafélags/ráðs.

Nýir foreldrar eru boðaðir á kynningarfund að vori. Þar fer leikskólastjóri yfir áherslur í leikskólastarfi og deildarstjórar hitta foreldra á sinni deild. Foreldrar fylla út dvalarsamning og önnur skjöl með deildarstjóra. Foreldrum er boðið að fá viðtal kjósi þeir það. Öllum nýjum foreldrum eru sendir bæklingar rafrænt varðandi mikilvægi þess að vinna með málþroska barnsins. Margir þessara bæklinga eru til á fleiri tungumálum og leggjum við sérstaka áherslu á að foreldar hugi að móðurmáli sínu við barnið ef það er annað en íslenska. Að hausti er aðalfundur foreldrafélags þar sem reikningar eru lagðir fram til samþykktar og kosið í lausar stöður. Í kjölfarið eru deildarstjórar með kynningu á vetrarstarfinu. Foreldraviðtöl eru í október og á skipulagsdegi í mars. Í október eru foreldrar boðaðir í viðtal á undirbúningstíma deildarstjóra og þar rætt um aðlögun og samtal um stöðu barnsins. Í mars eru deildarstjórar með viðtöl á skipulagsdegi og ræða þá við foreldra um þroskastöðu barnsins, niðurstöður úr skimunum ef þær eru fyrir hendi og samtal um líðan barns. Foreldrum er boðið upp á túlkaþjónustu bæði á fundum, í viðtölum og í aðlögun. Tölvupóstur til foreldra með annað móðurmál en íslensku er oft bæði á íslensku og ensku, sérstaklega í upphafi til að auka líkur á að upplýsingar komist til skila.

# 10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagarnir verða sex og hafa skólarnir í hverfinu sameinast um fjóra þeirra dagana 28. október, 15. nóvember, 27.mars og 22. maí.

Skóladagatal er í fylgiskjali 11.6

F. h. leikskólans Reynisholts,

| | |
|---|---|
| Aðalheiður Stefánsdóttir, | 29.júlí 2019 |
| Leikskólastjóri | Dagsetning |

# 11 Fylgigögn

## 11.1 Fylgiskjal 1. Samantekt um sérkennslu/stuðning

Í leikskólanum í Reynisholti hefur sérkennslunni verið sinnt af alúð síðastliðinn vetur sem og áður hefur verið. Ekki voru ýkja mörg börn með stuðning en einungis tvö börn voru með stuðning í 1. flokki

Þá voru einnig tvö börn með stuðning úr 2. flokk en þau eru bæði á bið eftir að komast í greiningu vegna gruns um einhverfu nam sú fjárhæð 2 x 25% stöðu starfsmanns.

Stuðningsaðilar voru samtals þrír, tveir í 100% stöðu og einn í 50% stöðu. Hluta af árinu vorum við einnig með starfsmann í 20% vinnu sem sá um að opna leikskólann og sinnti svo almennri málörvun og félagsfærni. Náðust miklar framfarir hjá þeim börnum sem hún var að sinna.

Í júní 2018 fór sérkennslustjóri leikskólans í ársleyfi og var ráðinn leikskólakennari til að leysa hann af. Í júní 2019 sagði þáverandi sérkennslustjóri upp störfum og leikskólakennari sem hafði leyst af var fastráðinn. Tvær manneskjur skipta sérkennslustjórastöðunni á milli sín, ábyrgðamaður sérkennslu er í 55% stöðu en á móti henni er leikskólakennari í 30% stöðu sem sér um málörvun tvítyngdra barna. Einnig tók hún að sér þau börn sem komu slök út í Hljóm-2 ásamt því að veita barni sem nú er á bið eftir greiningu vegna gruns um einhverfu stuðning. Hefur það fyrirkomulag reynst mjög vel og stefnt er að því að halda því áfram á þann veg.

Á foreldrafundi sem haldinn var í haust hittust allir foreldrar á sal en svo fór hver og einn á þá deild sem þeirra barna tilheyrði. Á þessum fundi gekk sérkennslustjórinn á milli og kynnti sig fyrir foreldrum og benti þeim á þau væru ávallt velkomin að leita til sín ef einhverjar vangaveltur varðandi uppeldið ættu sér stað, sem þau teldu sig þurfa ráðleggingar með eða bara ef að þau vildu ræða málin.

Almenn málörvun átti sér stað á deildum í smærri hópum, unnið var með Lubbaverkefni auk almennra grunnþátta eins og liti, stærðir, afstöðuhugtök o.fl.

Sérkennslustjóri gerði EFI 2 málþroskaskimun á öllum börnum á fjórða aldursári. Út frá niðurstöðum úr þeim voru myndaðir málörvunarhópar þeim til stuðnings.
Sérkennslustjóri gerði einnig Hljóm-2 skimun á elstu börnum leikskólans og þau sem komu slök út úr því fengu einstaklingsþjálfun, en þau voru einungis fjögur og sýndu þau öll framfarir í seinni athugun að vori.

Einstaklingsnámskrár voru gerðar með stuðningsbörnum t.d. námskrá tengda atferlisþjálfun og einstaklingsáætlun út frá AEPS þroskamati. Einstaklingsáætlanir voru gerðar af sérkennslustjóra og stuðningsaðila auk þess sem rætt var við foreldra á fundum og fengnar upplýsingar um þeirra væntingar og áhersluþætti, stefnt er að því að hafa þær sýnilegri í stafi með sérkennslubörnum næsta vetur.

Haldnir voru teymisfundir að jafnaði á 6 vikna fresti en á þá fundi mæta foreldrar, stuðningsaðili, sérkennslustjóri og ráðgjafar/sérfræðingar en á þessum fundum er farið yfir stöðuna og áætlun gerð um framhaldið auk ráðgjafar og eftirfylgd.

Samstarf við Þjónustumiðstöð hefur verið mjög gott eins og áður, ávallt brugðist við og veitt ráðgjöf. Við fengum Karen hegðunarráðgjafa frá Þjónustumiðstöðinni með fræðslu og ráðgjöf fyrir nýtt starfsfólk hvernig best sé að takast á við erfiða hegðun.

Einnig fengum við tvisvar ráðgjafa frá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins til okkar þar sem við fengum ráðgjöf varðandi stuðningsvinnu með skjólstæðinga þeirra. Þá fengum við iðju- og sjúkraþjálfara frá Æfingastöðinni til okkar sem fóru yfir og sýndu okkur hugmyndir að æfingum og vinnu með skjólstæðinga þeirra.

Starfsmenn í sérkennslu tóku þátt í fræðslu á skipulagsdögum og starfsmannafundum en auk þess fór sérkennslustjóri ásamt deildastjóra yngstu deildar á námskeiðið „Kennum nýja færni“ á Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins auk þess sem sérkennslustjórinn fór á AEPS námskeið og EFI-2. Sérkennslustjóri hitti aðra sérkennslustjóra á þjónustumiðstöð þar sem rætt var um hlutverk sérkennslustjóra. Þroskaþjálfinn sem starfar hér hjá okkur fór á jóga námskeið sem hún hefur nýtt sér í almennu starfi og í sérkennslu.

| Vísbending | Já eða nei/fjöldi | Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér. |
|---|---|---|
| Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum? | Já/ 2 | |
| Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum | Já/ 1 | |
| Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki) | Já/ 12 | |
| Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum? | 5 stm | |
| Er til áætlun um málörvun í leikskólanum? | Já | |
| Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum? | Já | |
| Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk) | Já þegar við á | |
| Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun? | Já | |
| Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning? | Að hluta | Það sem snýr að þjálfun einstaklings á deildinni sjálfri, ekki einstaklingsþjálfun. |
| Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma? | Já | |
| Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra? | Já | |
| Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir? | Já | Þjónustumiðstöð, MML, Greiningarst, talmeinafræðinga |
| Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans? | Já | |
| Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna? | Já | |

**Niðurstöður innra mats**

| Umbótaþættir Sérkennslu | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fræðsla** | Að allir starfsmenn þekki til þarfa barna með sérþarfir | Fræðsla á skipulags-dögum og umræða á deildar-fundum | Fræðsla að hausti og umræður yfir veturinn | Sérkennslustjóri og deildarstjóri | Umræða við endurmat í janúar og maí | Aukin víðsýni og þekking starfsmanna á þörfum barna |
| **Stuðningur til foreldra** | Að foreldrar geti leitað eftir stuðningi | Sérkennslu-stjóri kynnir sig fyrir foreldrum og hvetur þá til að leita eftir ráðgjöf | Kynnt á fundi með nýjum foreldrum, foreldrafundi að hausti og með tölvupósti yfir veturinn | Sérkennslustjóri | Samantekt á ráðgjöf | Umsagnir foreldra í viðtölum eða könnunum |
| **Teymisfundir** | Að starfsmenn sérkennslu geti leitað stuðnings hvert af öðru | Fundir á skipulags-dögum | Tvisvar yfir vetur og svo eftir þörfum | Sérkennslustjóri | Skráningar á efni funda | Starfsmenn öruggari í sínu hlutverki |
| **Aukin málörvun** | Að efla markvissa málörvun | Verkefnastjóri sinnir málörvun tvítyngdra barna sem og barna sem þess þurfa | Allur veturinn | Sérkennslustjóri og verkefnastjóri | Niðurstöður skimunarprófa meta | Aukin færni |

## 11.2 Fylgiskjal 2. Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Þennan vetur voru 12 tvítyngd börn í Reynisholti þar af voru sex börn sem áttu báða foreldra með annað tungumál en íslensku. Annar sérkennslustjóranna hafði umsjón með málörvunarhópum og að styðja starfsmenn deilda við eflingu tungumálsins. Fjármagn var nýtt til að borga laun starfsmanns sem var í 20% starfi við að sinna málörvun og vinna með félagsþroska barna sem á þurftu að halda.

Varðandi málörvun tvítyngdra barna eða barna með íslensku sem annað mál var unnið með „leikkassa“ sem verkfæri til málörvunar, unnið úr þróunarverkefni okkar „Að lesa og leika list er góð“ en það ýtir sérstaklega undir aukinn orðaforða. Kassarnir innihalda heimilishluti og lögð er áhersla á að börn hafi orð og þekkingu á hlutum úr sínu nánasta umhverfi. Leikkassarnir eru ætlaðir yngri börnum og börnum af erlendum uppruna sem eru að byggja upp orðaforða.

Unnið var með móðurmál tvítyngdra barnanna í gegnum lestur bóka og í gegnum leik. Unnur ugla er taska sem fer heim til allra barna en hún inniheldur bækur á mörgum tungumálum og hvetjum við foreldra til að lesa og ræða um innihald bókanna sem og þau tungumál sem þar koma fyrir. Við höfum reynt að bæta reglulega við bækur á erlendum tungumálum og eigum við nokkuð góðan bókakost. Einnig fáum við bókakistur að láni frá Borgarbókasafni og biðjum um að þar sé einnig að finna bækur á fleiri tungumálum en íslensku. Í vetur var áfram unnið með leikkassa sem innihalda efnivið sem tengist orðaforða heimila. Okkar reynsla hefur sýnt að auka þurfi orðaforða barnanna á orðum er tengjast heimilum. Orð eru lögð inn í leikinn, rætt er um innihald og skráningar gerðar til að fylgjast með framförum í orðaforða. Sögugrunnur og orðahljóð eru einnig notuð fyrir tvo eldri árgangana og sérstaklega gætt að tvítyngdu börnunum í þeim stundum. Á degi barnabókarinnar koma börnin með bók að heiman og börn af erlendum uppruna koma með bók á sínu móðurmáli. Börnin lesa bókina fyrst heima og segja svo frá bókinni og hvers vegna þau völdu hana.

Umræða er á starfsmannafundum og deildarfundum varðandi eflingu orðaforða t.d. í gegnum Lubba, orðaspjall og söngva.

Í upphafi leikskólagöngu fá allir foreldrar senda bæklinga með upplýsingum um mikilvægi læsis og eflingu móðurmálsins. Foreldrum er boðið að fá túlk t.d. í viðtali, aðlögun eða á fundum. Kennarar og stjórnendur eru meðvitaðir um að gæta þess að foreldrar sem ekki eru sterkir í íslensku fái þær upplýsingar sem þeir þurfa, t.d. með því að leita til starfsmanna sem tala viðkomandi tungumál eða skrifa á ensku. Mikill áhugi er fyrir því að auka við málörvun tvítyngdra barna og munu sérkennslustjórar leikskólans funda til að undirbúa það starf næsta vetur.

**Niðurstöður innra mats**

| Vísbending | Já eða nei | Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi |
|---|---|---|
| Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi. | Já | Leikkassar, lestur bóka, heimalestur á móðurmáli, unnið með mismunandi ritmál, bæklingar til foreldra |
| Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða) | Já | Samræður við matabord, leikir í samverustundum, gefðu 10, litlir hópar |
| Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? | Já | Setja orð á athafnir, lestrarstundir, leikkassar, skráning á könnunarleik, myndskreyttir söngvar/þulur |
| Er fylgst með framförum barnanna? | Já | Efi-2, Hljóm-2, samstarf við heilsugæslu eftir ungbarnaeftirlit |
| Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna?<br>• Orðaforði og málskilningur<br>• Tjáning og frásögn<br>• Hlustun og hljóðkerfisvitund<br>• Ritmál<br>• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun | Já | • Lestur, sögur, söngur, sögugrunnur<br>• Sögugrunnur, bókagerð<br>• Orðahljóð, leikir í samveru<br>• Leikur með ritmál<br>• Vináttuverkefni, kyrrðarstundir, tilfinningalæsi |

| Umbótaþættir Annað móðurm. en íslenska | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Málörvun tvítyngdra barna** | Að auka færni tvítyngdra barna | Með því að að kynna okkur hvað hefur verið gert í öðrum skólum og setja upp markvissa áætlun. Stefnum að því að vinna þetta í samvinnu við foreldra/for-ráðamenn Unnið verður með fyrirfram ákveðin þemu. | Frá hausti 2019 fram að vori 2020 | Sérkennslustjóri og verkefnastjóri | Unnið verður með börnunum einstaklings-lega og í litlum hópum. Nýtt verða þau mælitæki sem til eru í leikskólanum og unnið hefur verið með. Til að meta stöðu barnanna. Efi-2, Hljóm 2 og orðaskil. | Að vori verður staðan hjá börnunum endurmetin með sömu mælitækjum. |
| **Málörvunarefni** | Að málörvunarefni sé aðgengilegt | Flokkun efnis og uppsetning á pokum | Byrjað á haustönn | Sérkennslustjóri og verkefnastóri | Könnun á notkun efnis | Aukin málörvun |



## 11.3 Fylgiskjal 3. Umsögn foreldraráðs

# Starfsáætlun 2019 – 2020
# Leikskólinn Reynisholt

# Umsögn foreldraráðs

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Erna Þráinsdóttir, formaður**
**Heiða Sigurjónsdóttir**
**Tinna Gunnlaugsdóttir**

## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráð til samþykktar.

**Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.

- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

**Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

**Umsögn foreldraráðs:**
Foreldraráð leikskólans Reynisholts hefur lesið yfir starfsáætlun leikskólans fyrir veturinn 2019 - 2020.

Leikskólinn Reynisholt er vandaður leikskóli og erum við, sem sitjum í foreldraráði þetta skólaárið sammála um að hér sé unnið virkilega flott og faglegt starf á hverjum degi. Starfsfólkið er einstakt og sýnir börnum mikla hlýju, þolinmæði og natni, ásamt því að veita hverju og einu þeirra rými til að vera það sjálft og sinna eigin áhugasviði. Í starfsáætlun eru birtar niðurstöður viðhorfskönnunar sem gerð var á vormánuðum 2019 og sýna þær að foreldrar eru sammála þessu og ríkir almenn ánægja með starfið í leikskólanum og enn fremur upplifa foreldrar að börnin þeirra séu örugg í leikskólanum. Öryggi er eitt það mikilvægasta í lífi barna okkar til að þau dafni vel og teljum við að það faglega starf sem unnið er í Reynisholti af metnaðarfullum leikskólastjóra og starfsfólki eiga stóran þátt í að börn og foreldrar upplifa skólann öruggan.

Meðlimir foreldraráðs eru ánægðir með þá starfsáætlun sem leikskólinn hefur gefið út fyrir skólaárið 2019-2020. Áætlunin ber þess merki að í Reynisholti sé unnið metnaðarfullt starf og unnið sé faglega að því að styrkja og efla öll börn í skólanum. Farið er yfir innra og ytra mat á skólastarfinu, umbætur, markmið leikskólans, áherslur í starfi, áherslur samkvæmt starfsáætlun skóla- og frístundarsviðs, starfsþróunaráætlun, starfsmannahald, barnahópinn, foreldrasamstarf, samstarf leik- og grunnskóla og skóladagatal. Umbótaáætlanir hafa verið gerðar til að auka enn frekar gæði starfsins. Það er mikilvægt að sjá að starfsandinn sé góður, að starfsfólki líði vel á sínum vinnustað og fái að nýta eigin hæfileika til að auðga starfið enn frekar. Starfsmannamál í Reynisholti hafa verið í góðu horfi og miðað við niðurstöður viðhorfskönnunar hefur tekist vel til að auka vellíðan þess frábæra hóps fólks sem starfar í Reynisholti.

Á heildina litið er álit foreldraráðs að áætlunin sé virkilega vel unnin og lýsi því starfi sem framundan er á næsta skólaári afar vel. Áætluninni er svo fylgt eftir árlega og gerðar breytingar eftir þörfum. Við getum því samþykkt að unnið sé eftir virkri áætlun í daglegu starfi leikskólans. Að mati fulltrúa foreldraráðs er starfsáætlun Reynisholts fyrir veturinn 2018 til 2019 í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008.

## 11.4 Fylgiskjal 4. Matsgögn út frá starfsáætlun

| Markmið | Hvenær framkvæmt ? | Hver ber ábyrgð? | Hvernig gekk? | Hvað þarf að bæta? |
|---|---|---|---|---|
| **Kyrrðarstundir:**Jóga, snerting og orðahljóð 1x í viku – mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Sögugrunnur mið (1 hópur) og fim (2 hópar) | | | | |
| **Jógastundir:** Hvert barn fær jógastund í hverri viku | | | | |
| **Þema vetrarins**: Öskudagsbúningar. Að börnin fái að velja sér búning og skapa hann eftir eigin höfði. Það verði skráð niður ferli öskudagsbúningsins og hvernig hann verður til. Sögugrunnur notaður markvisst á móti. Þau semja svo sögu sem geta um persónuna sína. | | | | |
| **Þema vetrarins:** Áherslur Reyniholts. Snerting, jóga, lífsleikni (Blær) og læsi. Að auka sýnileika þeirra með skráningum. | | | | |
| **Útinám**: Fara meira í gönguferðir með hækkandi sól. Nýta Reynislundinn betur í útiveru og safna t.d. í box, fara með stækkunargler og rannsaka. Hvað vinnum við í Reynislundi? (Umhverfismennt) | | | | |
| **Blær:** Hvert barn fær Blæ stund aðra hverja viku. Beina sjónum að samskiptum barnananna, hvernig við komum fram við hvort annað. Tengja við dygðirnar kurteisi og glaðværð. | | | | |
| **Samverustundir** 3x á dag. Passa að þær verði ekki of langar. Markmiðið er að börnin læri að sitja saman og fylgjast með og hlusta. Hægt er að lesa sögur, segja sögur, syngja saman, skoða saman, fara í leiki. Allir starfsmenn prófi að vera með samveru. Auka gagnabanka. | | | | |
| **Lubbi** kynna einn staf á viku í samverustund á þriðjudögum. | | | | |
| **Leikur á deild** Gefa börnunum nægt rými til að leika og vera til staðar í leiknum. Bæta samskipti þeirra og muna að skipta þeim upp á milli svæða.<br>Leikstundir: 15-25 mín á þriðjudagsmorgnum og fimmtudagsmorgnum._Gera 2 uppeldisfræðilegar skráningar á barn. 1 í jan/feb og aðra í apríl/maí | | | | |
| **Læsi:** Nýta sögugrunn samhliða gerð við öskudagsbúninga. Setja Læsi inn sem þriðja þema á móti jóga og snertingu í kyrrðarstundum. Þar er skipulagður lestur og orðahljóð nýtt. | | | | |

## 11.5 Fylgiskjal 5. Skipulagt samstarfs við grunnskólann.

Heimsóknir á fimmtudögum milli klukkan 10:00-11:00. Leikskólabörn geta verið mætt fyrr á skólalóðina og verið í frímínútum með yngsta stiginu. Frímínútur eru frá 9:35-10:00. Börnin koma svo inn hjá íþróttasal, snagar í hæð barnanna. Kennslan fer fram á svæði 3. bekkjar

27. september – Allir ganga um skóla með skólastjórnendum

12. október (föstudagur) - 1. Bekkur í Sæmundarskóla heimsækir gömlu leikskólana sína ca 10-11.

25. október - Hópur 1 umræður og nafnspjald

1. nóvember - Hópur 2 umræður og nafnspjald

13. nóvember – dagur íslenskrar tungu er föstudaginn 16. nóv. Þá er starfsdagur í hverfinu og því heimsækir 7. bekkur í Sæmundarskóla Reynisholt þennan dag og les fyrir nemendur þar.

22. nóvember - Hópur 1 Skólabarnið

26. desember - Hópur 2 Skólabarnið

??. desember Helgileikur – og leikur í íþróttasal skólans.

10. janúar – Hópur 1 Skólataskan

17. janúar - Hópur 2 Skólataskan

31. Janúar Hópur 1 nestisbox og brúsi

7. febrúar – Hópur 2 nestisbox og brúsi

28 feb. Hópur 1 samvinnuverkefni-allir saman gera stóra manneskju

7 mars- Hópur 2 samvinnuverkefni-allir saman gera stóra manneskju

21. mars – Hópur 1 listgreinar, spjaldtölvur og borða í hádeginu.

28. mars - Hópur 2 listgreinar, spjaldtölvur og borða í hádeginu.

11. apríl – Hópur 1 og 2 - Íþróttahús, bókasafn + viðurkenning

22 maí - Vorskóli – verðandi nemendur Sæmundarskóla eru boðaðir í skólann ásamt foreldrum sínum – skólinn sér um að bjóða – leikskólar hjálpa okkur að minna á

14.maí – skilafundur milli deildarstjóra, kennara fyrsta bekkjar og frístundaheimilis. farið er yfir niðurstöður úr skimunum og umsögn með hverju barni

## 11.6 Fylgiskjal 6. Skóladagatal

Skóladagatal er sent með í tölvupósti sem pdf skjal.

Samband íslenskra sveitarfélaga

**Leikskóladagatal 2019 - 2020**

Nafn skóla: **Leikskólinn Reynisholt**

| ÁGÚST | SEPTEMBER | OKTÓBER | NÓVEMBER | DESEMBER | JANÚAR | FEBRÚAR | MARS | APRÍL | MAÍ | JÚNÍ | JÚLÍ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 F Sumarlokun | 1 S | 1 Þ | 1 F | 1 S Fullveldisdagurinn | 1 M Nýársdagur | 1 L | 1 S | 1 M | 1 F Verkalýðsdagurinn | 1 M Annar í hvítasunnu | 1 M skil á starfsáætlun |
| 2 F | 2 M | 2 M | 2 L | 2 M | 2 F | 2 S | 2 M | 2 F | 2 L | 2 Þ | 2 F |
| 3 L | 3 Þ | 3 F | 3 S | 3 Þ | 3 F | 3 M | 3 Þ | 3 F | 3 S | 3 M | 3 F |
| 4 S | 4 M | 4 F | 4 M | 4 M | 4 L | 4 Þ | 4 M | 4 L | 4 M | 4 F | 4 L |
| 5 M Frídagur verslunarmanna | 5 F | 5 L | 5 Þ | 5 F Jólastund í Reynislundi | 5 S | 5 M | 5 F | 5 S Pálmasunnudagur | 5 Þ | 5 F | 5 S |
| 6 Þ | 6 F | 6 S | 6 M | 6 F | 6 M Þrettándinn | 6 F Dagur leikskólans | 6 F | 6 M | 6 M | 6 L | 6 M |
| 7 M | 7 L | 7 M | 7 F | 7 L | 7 Þ | 7 F Leikskólaráðstefnan<br>Skipulagsdagur | 7 L | 7 Þ | 7 F | 7 S Sjómannadagurinn | 7 Þ |
| 8 F | 8 S Dagur læsis | 8 Þ | 8 F Baráttudagur gegn einelti | 8 S | 8 M | 8 L | 8 S | 8 M | 8 F | 8 M | 8 M |
| 9 F | 9 M Sólblómavika | 9 M | 9 L | 9 M | 9 F | 9 S | 9 M | 9 F Skírdagur | 9 L | 9 Þ | 9 F |
| 10 L | 10 Þ | 10 F | 10 S | 10 Þ | 10 F | 10 M | 10 Þ | 10 F Föstudagurinn langi | 10 S | 10 M | 10 F |
| 11 S | 11 M | 11 F Námskeiðsdagur leikskólas | 11 M | 11 M | 11 L | 11 Þ | 11 M | 11 L | 11 M | 11 F | 11 L |
| 12 M | 12 F | 12 L | 12 Þ | 12 F Jólaskemmtun | 12 S | 12 M | 12 F | 12 S Páskadagur | 12 Þ | 12 F | 12 S |
| 13 Þ | 13 F | 13 S | 13 M | 13 F | 13 M | 13 F | 13 F | 13 M Annar í páskum | 13 M | 13 L | 13 M |
| 14 M samráð leikskólastjóra | 14 L | 14 M Foreldraviðtöl | 14 F Ömmu og afa kaffi | 14 L | 14 Þ | 14 F | 14 L | 14 Þ | 14 F Sveitaferð | 14 S | 14 Þ |
| 15 F | 15 S | 15 Þ | 15 F Skipulagsdagur | 15 S | 15 M samráð leikskólastjóra | 15 L | 15 S | 15 M | 15 F | 15 M | 15 M Sumarlokun |
| 16 F | 16 M Dagur íslenskrar náttúru | 16 M samráð leikskólastjóra | 16 L Dagur íslenskrar tungu | 16 M | 16 F | 16 S | 16 M | 16 F | 16 L | 16 Þ | 16 F |
| 17 L | 17 Þ | 17 F | 17 S | 17 Þ Jólaleikrit | 17 F | 17 M | 17 Þ Stóri innritunardagurinn | 17 F | 17 S | 17 M Lýðveldisdagurinn | 17 F |
| 18 S | 18 M samráð leikskólastjóra | 18 F | 18 M | 18 M samráð leikskólastjóra | 18 L | 18 Þ | 18 M samráð leikskólastjóra | 18 L | 18 M | 18 F samráð leikskólastjóra | 18 L |
| 19 M | 19 F | 19 L | 19 Þ | 19 F | 19 S | 19 M samráð leikskólastjóra | 19 F | 19 S | 19 Þ | 19 F | 19 S |
| 20 Þ | 20 F Skipulagsdagur | 20 S | 20 M samráð leikskólastjóra<br>Dagur mannréttinda barna | 20 F | 20 M | 20 F | 20 F | 20 M | 20 M Útskriftarferð<br>samráð leikskólastjóra | 20 L | 20 M |
| 21 M | 21 L | 21 M | 21 F | 21 L | 21 Þ | 21 F Konukaffi | 21 L | 21 Þ Barnamenningarhátíð | 21 F Uppstigningardagur | 21 S | 21 Þ |
| 22 F Leikskólastjórafundur<br>Skólasetning grunnskóla | 22 S | 22 Þ | 22 F | 22 S | 22 M | 22 L | 22 S | 22 M samráð leikskólastjóra<br>Barnamenningarhátíð | 22 F Skipulagsdagur | 22 M | 22 M |
| 23 F | 23 M | 23 M | 23 L | 23 M Þorláksmessa | 23 F Leikskólastjórafundur | 23 S Konudagur | 23 M | 23 F Sumardagurinn fyrsti<br>Barnamenningarhátíð | 23 L | 23 Þ | 23 F |
| 24 L | 24 Þ | 24 F Leikskólastjórafundur<br>vetrarleyfi grunnskóla | 24 S | 24 Þ Aðfangadagur jóla | 24 F Bóndakaffi | 24 M Bolludagur | 24 Þ | 24 F Barnamenningarhátíð | 24 S | 24 M | 24 F |
| 25 S | 25 M Aðalfundur foreldrafél | 25 F vetrarleyfi grunnskóla | 25 M | 25 M Jóladagur | 25 L | 25 Þ Sprengidagur | 25 M | 25 L Barnamenningarhátíð | 25 M | 25 F Leikskólastjórafundur | 25 L |
| 26 M | 26 F Leikskólastjórafundur<br>Evrópski tungumáladagurinn | 26 L Fyrsti vetrardagur | 26 Þ | 26 F Annar í jólum | 26 S | 26 M Öskudagur | 26 F Leikskólastjórafundur | 26 S Barnamenningarhátíð | 26 Þ Útskrift | 26 F | 26 S |
| 27 Þ | 27 F | 27 S | 27 M | 27 F | 27 M | 27 F Leikskólastjórafundur | 27 F Skipulagsdagur<br>Foreldraviðtöl | 27 M | 27 M | 27 L | 27 M |
| 28 M | 28 L | 28 M Skipulagsdagur<br>vetrarleyfi grunnskóla | 28 F Leikskólastjórafundur | 28 L | 28 Þ | 28 F | 28 L | 28 Þ Opið hús | 28 F Leikskólastjórafundur | 28 S | 28 Þ |
| 29 F | 29 S | 29 Þ | 29 F Afmælishátíð | 29 S | 29 M | 29 L | 29 S | 29 M | 29 F | 29 M | 29 M |
| 30 F | 30 M | 30 M | 30 L | 30 M | 30 F | | 30 M | 30 F Leikskólastjórafundur | 30 L | 30 Þ | 30 F |
| 31 L | | 31 F | | 31 Þ Gamlársdagur | 31 F | | 31 Þ | | 31 S Hvítasunnudagur | | 31 F |







LÁTUM **DRAUMANA** RÆTAST

Samband íslenskra sveitarfélaga

# Leikskóladagatal 2019 - 2020

**Nafn skóla:** Leikskólinn Reynisholt

| | ÁGÚST | | SEPTEMBER | | OKTÓBER | | NÓVEMBER | | DESEMBER | | JANÚAR | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | F | Sumarlokun | S | | Þ | | F | | S | Fullveldisdagurinn | M | Nýársdagur |
| 2 | F | | M | | M | | L | | M | | F | |
| 3 | L | | Þ | | F | | S | | Þ | | F | |
| 4 | S | | M | | F | | M | | M | | L | |
| 5 | M | Frídagur verslunarmanna | F | | L | | Þ | | F | Jólastund í Reynislundi | S | |
| 6 | Þ | | F | | S | | M | | F | | M | Þrettándinn |
| 7 | M | | L | | M | | F | | L | | Þ | |
| 8 | F | | S | Dagur læsis | Þ | | F | Baráttudagur gegn einelti | S | | M | |
| 9 | F | | M | Sólblómavika | M | | L | | M | | F | |
| 10 | L | | Þ | | F | | S | | Þ | | F | |
| 11 | S | | M | | F | Námskeiðsdagur leikskólas | M | | M | | L | |
| 12 | M | | F | | L | | Þ | | F | Jólaskemmtun | S | |
| 13 | Þ | | F | | S | | M | | F | | M | |
| 14 | M | samráð leikskólastjóra | L | | M | Foreldraviðtöl | F | Ömmu og afa kaffi | L | | Þ | |
| 15 | F | | S | | Þ | | F | Skipulagsdagur | S | | M | samráð leikskólastjóra |
| 16 | F | | M | Dagur íslenskrar náttúru | M | samráð leikskólastjóra | L | Dagur íslenskrar tungu | M | | F | |
| 17 | L | | Þ | | F | | S | | Þ | Jólaleikrit | F | |
| 18 | S | | M | samráð leikskólastjóra | F | | M | | M | samráð leikskólastjóra | L | |
| 19 | M | | F | | L | | Þ | | F | | S | |
| 20 | Þ | | F | Skipulagsdagur | S | | M | samráð leikskólastjóra<br>Dagur mannréttinda barna | F | | M | |
| 21 | M | | L | | M | | F | | L | | Þ | |
| 22 | F | Leikskólastjórafundur<br>Skólasetning grunnskóla | S | | Þ | | F | | S | | M | |
| 23 | F | | M | | M | | L | | M | Þorláksmessa | F | Leikskólastjórafundur |
| 24 | L | | Þ | | F | Leikskólastjórafundur<br>vetrarleyfi grunnskóla | S | | Þ | Aðfangadagur jóla | F | Bóndakaffi |
| 25 | S | | M | Aðalfundur foreldrafél | F | vetrarleyfi grunnskóla | M | | M | Jóladagur | L | |
| 26 | M | | F | Leikskólastjórafundur<br>Evrópski tungumáladagurinn | L | Fyrsti vetrardagur | Þ | | F | Annar í jólum | S | |
| 27 | Þ | | F | | S | | M | | F | | M | |
| 28 | M | | L | | M | Skipulagsdagur<br>vetrarleyfi grunnskóla | F | Leikskólastjórafundur | L | | Þ | |
| 29 | F | | S | | Þ | | F | Afmælishátíð | S | | M | |
| 30 | F | | M | | M | | L | | M | | F | |
| 31 | L | | | | F | | | | Þ | Gamlársdagur | F | |

| | FEBRÚAR | | MARS | | APRÍL | | MAÍ | | JÚNÍ | | JÚLÍ | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | L | | S | | M | | F | Verkalýðsdagurinn | M | Annar í hvítasunnu | M | skil á starfsáætlun |
| 2 | S | | M | | F | | L | | Þ | | F | |
| 3 | M | | Þ | | F | | S | | M | | F | |
| 4 | Þ | | M | | L | | M | | F | | L | |
| 5 | M | | F | | S | Pálmasunnudagur | Þ | | F | | S | |
| 6 | F | Dagur leikskólans | F | | M | | M | | L | | M | |
| 7 | F | Leikskólaráðstefnan<br>Skipulagsdagur | L | | Þ | | F | | S | Sjómannadagurinn | Þ | |
| 8 | L | | S | | M | | F | | M | | M | |
| 9 | S | | M | | F | Skírdagur | L | | Þ | | F | |
| 10 | M | | Þ | | F | Föstudagurinn langi | S | | M | | F | |
| 11 | Þ | | M | | L | | M | | F | | L | |
| 12 | M | | F | | S | Páskadagur | Þ | | F | | S | |
| 13 | F | | F | | M | Annar í páskum | M | | L | | M | |
| 14 | F | | L | | Þ | | F | Sveitaferð | S | | Þ | |
| 15 | L | | S | | M | | F | | M | | M | Sumarlokun |
| 16 | S | | M | | F | | L | | Þ | | F | |
| 17 | M | | Þ | Sóri innritunardagurinn | F | | S | | M | Lýðveldisdagurinn | F | |
| 18 | Þ | | M | samráð leikskólastjóra | L | | M | | F | samráð leikskólastjóra | L | |
| 19 | M | samráð leikskólastjóra | F | | S | | Þ | | F | | S | |
| 20 | F | | F | | M | | M | Útskriftarferð<br>samráð leikskólastjóra | L | | M | |
| 21 | F | Konukaffi | L | | Þ | Barnamenningarhátíð | F | Uppstigningardagur | S | | Þ | |
| 22 | L | | S | | M | samráð leikskólastjóra<br>Barnamenningarhátíð | F | Skipulagsdagur | M | | M | |
| 23 | S | Konudagur | M | | F | Sumardagurinn fyrsti<br>Barnamenningarhátíð | L | | Þ | | F | |
| 24 | M | Bolludagur | Þ | | F | Barnamenningarhátíð | S | | M | | F | |
| 25 | Þ | Sprengidagur | M | | L | Barnamenningarhátíð | M | | F | Leikskólastjórafundur | L | |
| 26 | M | Öskudagur | F | Leikskólastjórafundur | S | Barnamenningarhátíð | Þ | Útskrift | F | | S | |
| 27 | F | Leikskólastjórafundur | F | Skipulagsdagur<br>Foreldraviðtöl | M | | M | | L | | M | |
| 28 | F | | L | | Þ | Opið hús | F | Leikskólastjórafundur | S | | Þ | |
| 29 | L | | S | | M | | F | | M | | M | |
| 30 | | | M | | F | Leikskólastjórafundur | L | | Þ | | F | |
| 31 | | | Þ | | | | S | Hvítasunnudagur | | | F | |